

**1955 nr. 92 24. desember**  
**Lög um laun starfsmanna ríkisins<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> Felld niður að verulegu leyti með l. 55/1962, 29. gr.

...

■ **14. gr.** ...<sup>1)</sup> Af launum kennara og skólastjóra endurgreiðist ríkissjóði  $\frac{1}{9}$  hluti úr bæjarsjóði og  $\frac{1}{12}$  hluti úr sveitarsjóði hlutaðeigandi skólahverfis.

<sup>1)</sup> L. 55/1962, 29. gr.

■ **25. gr.** ...<sup>1)</sup> Endurgreiða skal starfsmanni útlagðan kostnað vegna starfa hans eftir reikningi, er ráðherra samþykkir.<sup>2)</sup>

□ [Fyrir innheimtu ríkissjóðstekna og annarra gjalda, er innheimtumenn ríkissjóðs ...<sup>3)</sup> innheimta samkvæmt embættisskyldu sinni, skulu greidd laun samkvæmt reglugerð,<sup>4)</sup> er fjármálaráðherra setur.]<sup>5)</sup>

<sup>1)</sup> L. 55/1962, 29. gr. <sup>2)</sup> Rg. 101/1973. <sup>3)</sup> L. 92/1991, 33. gr. <sup>4)</sup> Rg. 320/1976, sbr. 294/1978 og 195/1985. <sup>5)</sup> L. 84/1976, 1. gr.

■ **26. gr.** Héraðslæknar, dýralæknar og prestar taka greiðslur fyrir embættisverk samkvæmt gjaldskrá, sem hlutaðeigandi ráðherra setur. ...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 55/1962, 29. gr.

■ **29. gr.** Nú hefur maður gegnt ráðherraembætti í 2 ár samfleytt eða lengur, og á hann þá rétt á biðlaunum, er hann lætur af því starfi.

□ Biðlaun skal greiða í sex mánuði, talið frá 1. degi næsta mánaðar eftir að hlutaðeigandi var veitt lausn frá ráðherraembætti. Biðlaun skulu vera 70% af launum ráðherra, eins og þau eru á biðlaunatímanum. Nú tekur sá, er biðlauna nýtur, stöðu í þjónustu ríkisins, og fellur þá niður greiðsla biðlauna, ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærra laun, ella greiðist launamismunurinn til loka 6 mánaða tímans.

■ **30. gr.** ...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 47/1965, 9. gr.